

Attac-samtökin á Íslandi formlega stofnuð

Sun, 08/11/2009 - 00:00 | [Attac á Íslandi](#)

Þann 8. nóvember sl. var haldinn formlegur stofnfundur Attac á Íslandi. Fundurinn var haldinn í JL-húsinu, sal ReykjavíkurAkademíunnar, og sóttu hann um 50 manns. Á fundinum var kjörin stjórn samtakanna. Hana skipa: Árni Daníel Júlíusson, Bjarni Guðbjörnsson, Einar Már Guðmundsson, Guðjón Guðlaugsson, Salvör Gissurardóttir, Sigurlaug Ragnarsdóttir og Sólveig Jónsdóttir.

Varastjórn var einnig kosin. Hana skipa: Birgitta Jónsdóttir, Gunnar Skúli Ármannsson, María Sigmundsdóttir, Ólafía Ragnarsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Þorvaldur Óttar Guðlaugsson og Þorvaldur Þorvaldsson.

Á fundinum var fólk skráð í tvo vinnuhópa, aðgerðahóp og ritstjórn. Einnig voru lögð drög að fagráði Attac á Íslandi. Eftirfarandi ályktun var samþykkt og send fjölmiðlum:

Ályktun frá stofnfundi Attac-samtakanna.

Í rúm tuttugu ár hefur Ísland verið tilraunastöð nýfrjálshyggjunnar. Markmiðið var að gera Ísland að fjármálamiðstöð á heimsmælikvarða. Útkoman varð fjármálahrun á heimsmælikvarða sem almenningur á nú að borga fyrir. Nýfrjálshyggjan hefur of lengi fengið að stunda tilraunir sínar, og tími er kominn til að leggja aðrar áherslur. Nú verður að endurreisa samfélög þau sem rústað hefur verið fyrir tilstilli óheftrar markaðshyggju. Setja verður bönd á fjármálastarfsemi, skattleggja hana í þágu félagslegs jafnréttis og setja samfélögum ný markmið í anda lýðræðis- og velferðarsamfélaga, þar sem manngildi og gegnsæi verði í hávegum höfð. Líkt og nýfrjálshyggjan var skipuleg framsókn peningaafllanna til að ná hugmyndalegum yfirráðum þarf almenningur nú að skipuleggja sig til að sækja fram til gagnsóknar í þágu réttláts samfélags.

Nýstofnuð Íslandsdeild Attac-samtakanna hyggst beita kröftum sínum í þessum anda. Mikið starf er framundan og Attac hvetur alla sem áhuga hafa að koma til starfa.

Stofnfundur Íslandsdeildar Attac-samtakanna

Um 300 manns hafa komið að starfsemi samtakanna með einum eða öðrum hætti. Margvísleg starfsemi, erlend samskipti og samskipti við einstaklinga, félög og stofnanir innanlands eru þegar hafin.

- [Attac](#)
- [Nýfrjálshyggja](#)

Source URL: <http://attac.is/node/54>